

Rb-umsögn nr.: U11-03

Gildistímalok: 7. janúar 2023

- Rb-UMSÖGN -

Vörulýsing:	Rotprær úr pólýetýleni (PE) ætlaðar fyrir ígildi allt að 50 íbúa.
Vöruheiti:	Rotpró 1000 og 1000-U, 1200 og 1200-U, 1400 og 1400-U, alls sex gerðir.
Umsagnarhafi:	Borgarplast hf., Völuteigi 31-31A, 270 Mosfellsbæ.
Framleiðandi:	Borgarplast hf., Völuteigi 31-31A, 270 Mosfellsbæ.
Staðfestingargögn:	1. Skýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, dags 22. Janúar 2010, verkefnisnúmer 8GP9022, <i>Upphafsgæðarprófun</i> , sem staðfestir samræmi við staðalinn ÍST EN 12566-1:2000/A 1:2003, sem er samhæfður evrópskur staðall og krefst því CE-merkingar vörunnar, heimild 1. 2. EC-samræmisýfirlýsing framleiðanda, dags. 22. janúar 2010, heimild 2.

Laga og reglugerðarákvæði

Helstu ákvæði, sem umsögn þessi byggist á, eru: 1. Lög um byggingarvörur, nr. 114/2014 2. Byggingareglugerð, nr. 112/2012, gr. 5.1.1. 3. Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, nr. 431/1994, 3. og 4. gr.

Forsendur, fyrirvarar og ábendingar


- Merking vörunnar skal vera auðfundin og varanleg þannig að skýrt komi fram auðkenni framleiðandans og vöruheitið, númer ofangreinds staðals, úr hvaða efni varan er gerð, nafnstærð og framleiðsludagsetning; þá skal **CE-merkið** vera skýrt ásamt tveimur síðustu tölustöfum árs merkingarinnar.
 - Ákvæði ofangreinds vörustaðals krefjast tilefnis aðila einungis til að annast upphafsgæðarprófun; þessu samkvæmt er ekkert vottorð gefið út.
 - Umsögn þessi nær einungis til vöru þeirrar, sem lýst er í ofangreindri EC-samræmisýfirlýsingu.
 - Ekki liggja fyrir upplýsingar um tilvist neinna séríslenskra gagna, sem skilgreina kröfur fyrir rotprær til umræddra nota.
 - Hönnun og frágangur skal vera í samræmi við lýsingu framleiðanda; eiginleikum vörunnar og skilyrðum við notkun hennar, sem framleiðandinn tilgreinir og sem fram koma í ofangreindum staðli, skal ekki ofgert við álag, þar sem rotprærnar eru staðsettar.
 - Við framlengingu gildistíma þessarar umsagnar var gengið úr skugga um að framleiðandi hafi kynnt sér og vinni eftir gildandi staðli ÍST EN 12566-1:2016 sem tók við af ÍST EN 12566-1:2000.
-

Umsagnarorð

Á ofangreindum staðfestingargögnum er ekki að sjá að umræddar vörur brjóti í bága við íslenskar reglugerðir eða lög við notkun sem rotprær. Gengið hefur verið úr skugga um að framleiðandinn hafi uppfyllt skilyrði til CE-merkingar. Umsögn þessi er framlenging á gildistíma Rb-umsagnar nr. U11-03 útg. 11. maí 2011.

Umsögn þessi fellur úr gildi verði breytingar á vörunni, merkingum hennar, ákvæðum laga, reglugerða eða staðla sem eiga við vöruna eða notkun hennar.

Útgáfudagur framlengingar: 7. janúar 2020



Olafur H. Wallevik,

Forstöðumaður Rannsóknarstofu byggingariðnaðarins.

Heimildir: 1. Upphafsgæðarprófunarskýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands (4 bls.).
2. Yfirlýsingar framleiðanda um nothæfi (1 bls.).